



Leikskólinn Hæðarból Garðabæ

Leikskólanefnd Garðabæjar
Bt. Viktoríu Jensdóttur, formanns leikskólanefndar Garðabæjar
Garðatorgi
210 Garðabæ

Efni. Beiðni um að flytja skipulagsdaginn 2. janúar fh. til 24. maí eh. vegna námsferðar leikskólans Hæðarbóls til Brighton í Englandi.

Á fagfundi 28. júní var samþykkt að leita eftir samþykki foreldraráðs og leikskólanefndar um að flytja ½ skipulagsdag 2. janúar fh. til 24. maí eh. vegna námsferðar leikskólans til Brighton í Englandi til að læra að nota Numicon kubba í stærðfræðikennslu og sækja útikennslunámskeið sem byggt er á Forest school aðferð.

Numicon eru hlutbundin námsgögn og eru fyrst og fremst hjálpartæki ætluð börnum sem eru að byrja að læra stærðfræði og börnum sem eiga við stærðfræðiörðugleika að stríða. Með því að nota Numicon-gögnin má setja upp stærðfræðidæmi án þess að búa yfir sérstakri stærðfræðikunnáttu. Á þann hátt eykur Numicon möguleika allra barna til að læra stærðfræði. Með tilraunum sínum öðlast börnin vísindalega reynslu sem hvetur augað til að sjá og greina samhengi út frá hlutbundinni og sjónrænni upplifun.

Numicon er hægt að nota til að örva stærðfræðilæsi hjá börnum, jafnt þeim sem eru lengra komnir og þeim sem eru skemur á veg komnir í talnaskilningi. Börn sem eiga í erfiðleikum með minni eru sérstaklega vel studd í gegnum sjónrænt myndmál og lítil skref við verkefnavinnu. Sterkt sýnilegt myndmál Numicon þar sem áhersla er lögð á mynstur, fjölskynjun og kennslufræðileg verkefni í smáum skrefum hefur sýnt fram á árangur hjá börnum á öllum aldri með mismunandi sérþarfir. Numicon námsgögnin eru hönnuð til þess að hjálpa ☺

Á útikennslunámskeiðinu lærum við að kveikja eld án eldspýtna og halda honum lifandi, elda, baka saga, byggja skýli, búa til listaverk og læra að umgangast náttúruna og bera virðingu fyrir henni.

Á grundvelli ofnagreiðrar raka og samþykki foreldraráðs, sem fylgir beiðninni í fylgiskjali, er hér með óska eftir því að flytja skipulagsdaginn 2. janúar fh, til miðvikudagsins 24. maí eh.

Garðabær í júlí 2016

Virðingarfyllt


Leikskólastjóri Hæðarbóls

Afrit sent.

Halldóru Pétursdóttur, verkefnisstjóra skóladeildar Garðabæjar